

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/746****2023/EES/62/35****frá 4. júní 2020****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 að því er varðar frestun á framkvæmd
tiltekinna ráðstafana í tengslum við COVID-19 heimsfaraldurinn (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ráðstafanir, sem gripið hefur verið til í því skyni að halda COVID-19 heimsfaraldurinum í skefjum, draga verulega úr getu aðildarríkja og flugiðnaðarins til að búa sig undir að framkvæma ýmsar nýlega samþykktar framkvæmdarreglugerðir á sviði flugöryggis.
- 2) Einangrunarráðstafanir, breytingar á vinnuskilyrðum og tiltækileiki starfsmanna, samtímis auknu vinnuálagi sem krafist er til að takast á við verulega neikvæðar afleiðingar af völdum COVID-19 heimsfaraldursins fyrir alla hagsmunaaðila, hindra undirbúning að því að koma þessum framkvæmdarreglugerðum í framkvæmd.
- 3) Vegna COVID-19 heimsfaraldursins verður óhjákvæmilega töf á framkvæmd mismunandi verkefna sem eru nauðsynleg fyrir tilhlýðilega og tímanlega framkvæmd framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 ⁽²⁾, einkum innleiðing stafrænna og samvirkandi skráningarkerfa auk aðlögunar heimilda, yfirlýsinga og vottorða sem eru gefin út á grundvelli landslaga.
- 4) Tafir hafa orðið á stöðlunarferli og annarri tilheyrandi starfsemi sem flugiðnaðurinn og staðlastofnanir leiða, s.s. undirbúningur prófunaraðferða, eða prófun tæknilegra eiginleika, s.s. fjarauðkenning. Þetta hefur að sama skapi í för með sér neikvæð áhrif á getu framleiðenda til að markaðssetja ómönnuð loftfarskerfi sem uppfylla nýju, stöðluðu kröfurinnar í samræmi við framseldar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 ⁽³⁾.
- 5) Því ætti að heimila áframhaldandi starfrækslu allra tegunda ómannaðra loftfarskerfa við núgildandi skilyrði í sex mánuði til viðbótar. Þar af leiðandi ætti að fresta framkvæmd framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947 til samræmis við það í því skyni að gera umráðendum ómannaðra loftfarskerfa kleift að nota ómönnuð loftfarskerfi, sem uppfylla ekki kröfur framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/945, í sex mánuði til viðbótar.
- 6) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur staðfest við framkvæmdastjórnina að frestun á framkvæmd ákvæðanna, sem um getur í 3. forsendu, sé möguleg án þess að það hafi skaðleg áhrif á flugöryggi þar sem hún muni vara í mjög takmarkaðan tíma og í ljósi þess er líklegt að flugstarfsemi muni fara hægt af stað að afstöðnum COVID-19 heimsfaraldurinum, sem dregur úr áhættu af völdum váhrifa, og landslög munu áfram vera í gildi í þeim aðildarríkjum þar sem starfræksla ómannaðra loftfarskerfa er leyfileg.
- 7) Í því skyni að veita landsbundnum yfirvöldum og öllum hagsmunaaðilum tafarlausa aðstoð á meðan COVID-19 heimsfaraldurinn varir og til að gera þeim kleift að laga áætlanagerð sína að því að búa sig undir að fresta framkvæmd viðkomandi ákvæða ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 176, 5.6.2020, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 frá 24. maí 2019 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara (Stjtið. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 45).

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/945 frá 12. mars 2019 um ómönnuð loftfarskerfi og umráðendur ómannaðra loftfarskerfa frá þriðja landi (Stjtið. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað „1. júlí 2022“ í 20. gr. kemur „1. janúar 2023“.
- 2) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað „1. júlí 2021“ í 1. mgr. kemur „1. janúar 2022“.
 - b) Í stað „1. júlí 2021“ í 2. mgr. kemur „1. janúar 2022“.
 - c) Í stað „1. júlí 2022“ í 3. mgr. kemur „1. janúar 2023“.
- 3) Í stað „tveggja ára“ í 22. gr. kemur „30 mánaða“.
- 4) Ákvæðum 23. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:
„Hún kemur til framkvæmda frá og með 31. desember 2020.“
 - b) Í stað 5. liðar kemur eftirfarandi:
„5. Ákvæði 3. mgr. 15. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.